

meistarans veitt honum frest til 31. marzm. þ. á. með að gjöra reikning þann um hin íslenzku póstmál fyrir árið, sem leið, sem hann samkvæmt auglýsing um póstmál 3. maí 1872, 1. gr. hefði átt að hafa til innan 31. janúar þ. á. Jafnframt og þér nú mælist til, að stjórnarráðið samþykki þetta, getið þér þess, að það muni ganga svo hvert ár, að hvorki reikningarnir fyrir sjöundu póstferðina nè aðalviðskiptareikningurinn póststjórnarinnar dönsku verði kominn fyr enn í marzm., og stingið þér því uppá, að annaðhvort verði gjörð breyting á því, sem ákveðið er í 1. gr. í tæðri auglýsing um, hvenær póstreikningurinn skuli vera saminn og sendur til landshöfðingja, á þá leið, að svo verði skipað fyrir, að reikningurinn skuli vera tilbúinn innan marzm. loka á hverju ári, eða að svo verði beinlínis sagt fyrir, að ársreikningurinn um póstmálin að eins skuli ná til þeirra tekja og gjalda, sem póststofan í Reykjavík í raun og veru hefir heimt saman eða greiðt af hendi fyrir lok reikningsársins.

Útaf þessu gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að dómsmálastjórnin leyfir, að tæður reikningur verði eptirleiðis saminn og sendur landshöfðingja innan marzm. loka á hverju ári, og að stjórnarráðið samþykkir ráðstöfun þá, sem þér hafið gjört í þessu efni fyrir yfirstandandi ár.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kaleik og patínu handa dómkirkjunni í Reykjavík.

1874.
19. maí.

19. maí.

Með bræfi, dagsettu 14. dag marzm., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þarsem biskupinn yfir Íslandi sækir um, að kaupa megi handa Reykjavíkur dómkirkju gyltan og smeltan kaleik úr silfri og silfurpatínu, sem hin fyrri dómkirkja í Skálholti eigi; þessir munir segir hann sè alldýrmætir, sökum þess að þeir sè mjög fornir og ágætlega smíðaðir, og hafi eigendur kirkjunnar í Skálholti boðið dómkirkjunni þá fyrir

1874.

19. maí.

silfurverðið, sem í þeim er, og gegn því að fá endurgoldin smíðalaun fyrir nýjan kaleik og patínu handa Skálholtskirkju, en það verður alls 103 rd.; hafið þér nú jafnframt og þér getið þess, að kaleikurinn þurfi aðgjörðar við, er muni kosta 8 rd., stungið uppá, að fyrnefndir munir verði keyptir handa dómkirkjunni fyrir fê, af tekjum kirkjunnar á yfirstandanda ári.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

20. maí.

34. Opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara. (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Að Vèr samkvæmt hinni 4. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar þ. á., höfum ákveðið, að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara á hausti komanda.

Fyrir því bjóðum Vèr hærmeð og skipum allramildilegast fyrir, að á nefndum tíma skuli haldnar almennar kosningar til alþingis samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. ákvörðun um stundarsakir í tæðri stjórnarskrá.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

20. maí.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um: brúargjörð yfir Ölfusa og Þjórsá.

Eptir að verksmiður *Windfeldt-Hansen*, sem eptir tilhlutun stjórnarráðsins var sendur í fyrra¹⁾ til Íslands, til þess að rann-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 620.